

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Inniklæðningar INK 102 Kennsluáætlun vorannar 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Kristján Davíðsson	Sk.st.	KRD
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnu-aðferðum. Nemendur læra um smíði létttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gipsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrými. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og kennslan er að mestu bókleg þar sem m.a. er farið í heimsóknir í fyrirtæki.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki uppsetningu og klæðningu létttra kerfisveggja innanhúss
- kunni skil á mismunandi kerfisveggjum, kostum þeirra og göllum
- þekki efni og festingar sem notaðar eru í létt veggvirki innanhúss
- geti valið áhöld og tæki til uppsetningar á grind og klæðningu
- þekki smíði létttra kerfisveggja innanhúss með hliðsjón af reglum og leiðbeiningum framleiðenda um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- viti hvernig hægt er að forma gipsplötur á bogna vegg og festa upp
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við smíði létttra veggvirkja innanhúss
- kunni skil á algengustu burðarkerfum fyrir niðurhengd loft og uppsetningu þeirra
- þekki uppbyggingu algengra kerfislofta og notkunarvið þeirra
- kunni að merkja og setja upp vegglista, festingar og upphengjur
- viti deili á uppsetningu burðar- og þverlista og stillingu grindar
- kunni að sníða og koma plötum fyrir og búa til loftlúgu
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við uppsetningu kerfislofta
- viti hvernig á að leggja parket á stein og tré innanhúss
- þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- þekki efni og áhöld sem notuð eru við lagningu og slípun parkets
- hafi þekkingu á lagningu parkets á mismunandi undirstöður og efni
- kunni að undirbúa og leggja gegnheilt og fljótandi parket á stein og tré
- þekki frágang, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- þekki öryggisráðstafanir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á parketi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Inniklæðningar INK 102 Kennsluáætlun vorannar 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Kennslugögn:

Heftið *Inniklæðningar (IDNÚ 2005)* og annað það efni sem kennara þykir passa áfanganum.

Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin, lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér þann fróðleik annan sem frá kennara kemur og vinni verkefni, bæði í kennslubók og frá kennara. Einnig verða lögð fyrir skyndipróf án undirbúnings.

Áfanginn er bóklegur, en reynt verður að tengja efni hans þeim verkefnum sem í gangi verða á önninni í öðrum fagtengdum áföngum. Einnig verður skoðuð uppsetning kerfislofta, þanilklæðninga ásamt parketlögnum.

Námsmat:

Áfanganum lýkur með skriflegu lokaprófi sem gildir 60% af einkunn, en ná verður lokaprófinu svo starfseinkunn gildi.

Starfseinkunn gildir 40% af einkunn.

Tvö skyndipróf	20%
Tímaverkefni	20%

Með von um gott samstarf á önninni

Kristján Davíðsson

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils